

SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

144. fundur. Haldinn miðvikudaginn 24.febrúar 2016 kl. 16:30 í Ráðhúsi Stykkishólms

Nefndarmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson ritari, Magda Kulinska.

Fjarverandi: 1) nefndarmenn: Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir, Ásmundur Guðmundsson og Steinunn Helgadóttir, og 2) áheyrnarfulltrúar foreldrafélaga: María Jónasdóttir “Mæsa” fulltrúi foreldrafélags LSS og Lára Björg Björgvinsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans.

Dagskrárliðir

1) Tillaga til þingsályktunar um notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Nefndin telur brýnt að ekki sé tekin nein áhætta með heilsu barna og annarra íþróttaiðkenda. Ef grunur leikur á að efnin séu skaðleg eigi börnin að njóta vafans og viðkomandi efni því bannað sem undirlag í gervigrasvelli eða leikvelli.

2) Ingvar Sigurgeirsson er ritstjóri á endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar og hefur lokið gagnaöflun. Hann hefur hitt nemendur og kennara allra skólana, íþrótt- og tómskundafulltrúa en hitti nú skólanefndarmenn.

Ingvar lagði fram fjórar spurningar um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og íþrótt- og tómskundastarf:

1) Hvað eru þið einkum ánægð með í skóla- og frístundastarfinu?

2) Hvað má helst betur fara? Áhyggjur? Álitamál? Umhugsunarefni?

3) Hvar sjáið þið sóknarfæri?

4) Á hvað viljið þið helst leggja áherslu?

Nefndarmenn svöruðu þessum spurningum og ræddu málefni skóla- og tómskundastarfs við Ingvar, sem var að ljúka sinni efnisöflun um þessi atriði. Þessi vinna gekk greiðlega og fram komu svör við flest öllum liðunum hvað varðar alla skólana og frístundastarf. Nefndin var síðust til að fjalla um þessi atriði, þ.e. á eftir skólunum, starfsliði og nemendum.

Drög að skólastefnu verða lögð fram við vinnuhóp skólastefnu á fundi miðvikudaginn 24.febrúar og koma svo til umfjöllunar nefndarinnar á næstunni.

Sameiginlegur vinnufundur skólanna verður kl. 12 föstudaginn 4.mars.

Fundi slitið 18:35

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Jón Einar Jónsson fulltrúi (sign),

Magda Kulinska fulltrúi (sign).